

Ed.

376. Nefndarálit

[52. mál]

um frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi og þá, samkvæmt tillögu meiri hluta sjávarútvegsnefndar efri deildar, vísað frá með rökstuddri dagskrá þess efnis, að í Hornafirði væru slæm skilyrði til að reka fiskiðjuver, en hins vegar mundi verða athugað, með hverjum öðrum hætti ríkissjóður gæti veitt útgerð í Hornafirði fjárhagslega aðstoð.

Meiri hluti nefndarinnar leggur enn til, að frumv. sé vísað frá með rökstuddri dagskrá. En nú er ekki lengur borið við slæmum skilyrðum á staðnum, eða að óráðlegt sé að stofna til slíks fyrirtækis — enda birt með álitni meiri hl. umsógn stjórnar fiskimálasjóðs, þar sem bygging slíks fiskiðjuvers í Höfn í Hornafirði er talin „óumdeilanleg og brýn“ —, heldur er nú aðeins borið við féleysi ríkissjóðs, sem ekki hafi haft bolmagn til þess að ljúka byggingu síns eigin fiskiðjuvers né til að sjá því fyrir rekstrarfé.

Ég tel þetta tylliástæður einar, og að fjárþröng fiskiðjuvers ríkisins sé engin sönnun fyrir því, að stjórnarvöldin hefðu ekki getað gert betur við það fyrirtæki, ef sterkur vilji hefði verið fyrir hendi.

Ég legg þess vegna til, eins og áður, að frumv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. febr. 1949.

Steingr. Aðalsteinsson.